

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 11. október 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Bygging sundlaugar.

Samantekt um skoðunarferð 20.-21. september sl.:

Hreppsnefnd ræddi niðurstöður ferðarinnar og fór yfir hvaða leiðir séu áhugaverðastar við uppbyggingu sundlaugarmannvirkja. Hreppsnefndarmenn voru grundvallaratriðum sammála um helstu markmið og hugmyndir um verkefnið. Ákveðið að skoða fleiri mannvirki og taka upp viðræður við hönnuði um frumhönnun.

2. Hafnarreglugerð

Fyrir fundinum lá tillaga að hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn. Reglugerðin hafði áður verið tekin til umfjöllunar 15. ágúst og var þá vísað til umsagnar hafnarnefndar. Á fundi haafnarnefndar 5. september sl. var reglugerðin samþykkt með breytingum á mörkum hafnarinnar.

Hreppsnefnd samþykkti reglugerðina.

3. Byggðasamlag um sorpförgun á Nl.vestra

Fyrir fundinum lágu drög að stofnsamningi fyrir byggðasamlag um sorpeyðingu.

Hreppsnefndarmenn ræddu byggðasamlagsdrögin en kynning á þeim hafði farið fram á sameiginlegum fundi sveitarstjórna mánudaginn 10. okt. sl. þar sem sorpförgunarmál á svæðinu voru til umfjöllunar.

Hreppsnefnd samþykkti þátttöku í sorpsamlagi á forsendum fyrirliggjandi gagna.

4. Bréf:

a) *Sjávarútvegsráðuneytisins, 14. september 2005.*

Erindi bréfsins er að tilkynna um að úthlutað hafi verið 140 tonna þorskígildislestum sem byggðakvóta til Skagastrandar. Með bréfinu er sveitarstjórn jafnframt gefin kostur á að gera tillögur til ráðuneytisins um reglur sem gildi um skiptingu byggðakvóta milli einstakra fiskiskipa. Einnig er í bréfinu fjallað um hvaða atriða skuli taka tillit til við setningu reglna um byggðakvótann.

Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að leggja á næsta fundi fram tillögu að úthlutunarreglum.

b) *Skákfélagsins Hróksins.*

Í bréfinu er æskulýðsstarfsemi Hróksins kynnt og óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins við hana. Samþykkt að taka upp viðræður við Hrókinn um að gera sérstakt skákátak í grunnskólanum í samráði við skólafirvöld.

c) *Eiganda Laufáss II. dags. 25. ágúst 2005.*

Í bréfinu er varpað fram ýmsum hugmyndum um nýtingu eignarinnar að Laufási og gerð fyrirspurn um með hvaða hætti sveitarfélagið geti staðið að uppbyggingu og skipulagi.

Sveitartjóra falið að fara yfir hugmyndirnar með bréfitara.

5. Fundargerðir:

*Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. ágúst 2005.
Fundargerðin var til kynningar.*

6. Önnur mál.

Oddviti lagði til að stefnt yrði að borgarafundi 25. okt. nk. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9⁵⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir